



Skrifstofa Alþingis
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 11. apríl 2016

Efni: Umsögn Háskóla Íslands um frumvarp til laga um spilahallir, 51. mál – 145. löggjafarþing 2015-2016.

Háskóli Íslands leggst gegn samþykkt frumvarps um rekstur spilahalla hér á landi. Háskólinn bendir á að húsnæði og tæki skólans er að langstærstum hluta greidd með framlögum frá Hapdrætti Háskólans og að með tilkomu spilahallar er líklegt að verulega dragi úr þeim framlögum með tilheyrandi afleiðingum fyrir uppbyggingu skólans til framtíðar.

Eins og bent hefur verið á af hálfu dr. Daniels Þ. Ólasonar, dósents við Sálfræðideild Háskóla Íslands, er ljóst að tilkoma spilahallar mun þýða aukið framboð af hapdrættum; bæði meira af því sem er nú þegar í boði (spilakössum) og nýjar gerðir spila. Um er að ræða tegundir spila sem hafa sterk tengsl við spilavanda og felst því mikil áhætta í frumvarpinu frá sjónarhorni lýðheilsu. Þá er samkeppni á hapdrættismarkaði einnig líkleg til að hafa slæmar afleiðingar vegna spilavanda. Um þetta efni er nánar vísað til umsagnar Daniels við frumvarpið.

Það er einnig mat háskólans að varhugavert sé að hverfa frá þeirri stefnu sem hingað til hefur einkennt íslenskan hapdrættismarkað, þ.e. að öllum ágóða af slíkri starfsemi sé veitt til þjóðþrifamála, sbr. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 38/2005 um hapdrætti. Sú regla hefur verið stöðin að þeirri sátt sem ríkt hefur í samfélaginu um rekstur hapdrætta, bæði frá siðferðislegu sjónarhorni og til þess að takmarka skaðleg áhrif vegna reksturs þeirra. Brotthvarf frá þeirri reglu kallar á samfélagslega umræðu og gagnrýna skoðun á mögulegum afleiðingum þess að hapdrætti verði rekin í gróðaskyni. Slík umræða hefur ekki enn átt sér stað.

Verði frumvarpið að lögum eru líkur á að spilavandi aukist með tilheyrandi kostnaði fyrir samfélagið. Ennfremur að kostnaður vegna samfélagslegra verkefna, sem er borinn af rekstri hapdrætta, svo sem kostnaður við uppbyggingu fasteigna Háskóla Íslands, lenti á ríkinu. Auðsætt er að svo róttækar hugmyndir um uppstokkun hapdrættismarkaðar, sem frumvarp til laga um spilahallir fela í sér, kallar á ýtarlegar rannsóknir og umræður.

Af framangreindum ástæðum leggst Háskóli Íslands gegn samþykkt frumvarpsins.

Virðingarfyllst,
f.h. Háskóla Íslands

Jón Atli Benediktsson
rektor